

Messur á morgun



Guðspjall dagsins:
Lúk. 15.:
Hinn týndi
sauður

anisti Jón Stefánsson. Kór Langholtskirkju syngur. Langholts söfnuður.

LAUGARNESKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. Heitt á könnunni eftir messu. Organisti Ronald V. Turner. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Frank M. Halldórsson. Organisti Reynir Jónsson. Miðvikudag: Bænastund kl. 18.20.

SELJAKIRKJA: Guðspjónusta kl. 20. Þorgeir Andrússon syngur einsöng. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Molasopi eftir guðspjónustu. Sóknarprestur.

SELTJARNARNESKIRKJA: Messa kl. 11. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Prestur sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN: Almenn guðspjónusta kl. 11. Altarisinganga. Síðasta messa fyrir sumarfrí.

FRÍKIRKJAN í Reykjavík: Guðspjónusta kl. 14.00. Þórhallur Höskuldsson, sóknarprestur á Akureyri predikar. Miðvikudag 4. júlí kl. 7.30 morgunandakt. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

KRISTSKIRKJA, Landakoti: Lágnessa kl. 8.30. Stundum lesin á ensku. Hánessa kl. 10.30. Lágnessa kl. 14. Rúmhelga daga er lágnessa kl. 18 nema á laugardögum, þá kl. 14. Á laugardögum er ensk messa kl. 20.

MARÍUKIRKJA, Breiðholti: Hánessa kl. 11. Rúmhelga daga er lágnessa kl. 18.

HVÍTASUNNUKIRKJAN Fíladelfía: Samkoma kl. 20. Epply-systur frá Bandaríkjunum tala og syngja ásamt fleiri gestum.

HJÁLPRÆÐISHERINN: Fagnaðarsamkoma fyrir nýjan gistiússtjóra, major Kaare Morken, og frú Reidun, frá Norgei. Flokksforingjarnir stjórna.

BESSASTAÐAKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. Sr. Bragi Friðriksson.

KAPELLA St. Jósefs-systra, Garðabæ: Hánessa kl. 10.

VÍÐISTAÐASÓKN: Messa í Víðistaðakirkju kl. 11 og í Hrafnistu kl. 13.30. Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson messar. Sóknarprestur.

HAFNARFJARÐARKIRKJA: Morgunsöngur kl. 11. Organisti Helgi Bragason. Sr. Gunnþór Ingason.

KALFATJARNARKIRKJA: Guðspjónusta kl. 14. Sr. Bragi Friðriksson.

KEFLAVÍKURKIRKJA: Messa kl. 11. Altarisinganga. María Ágústsdóttir guðfræðinemi predikar. Sr. Þorvaldur Karl Helgason.

KAPÓLSKA KAPELLAN, Hafnargötu 71, Keflavík: Messað á sunnudögum kl. 16.

STOKKSEYRARKIRKJA: Messa kl. 11. Sóknarprestur.

GULVERJABÆJARKIRKJA: Messa kl. 14. Aðalsafnaðarfundur eftir messu. Sóknarprestur.

SKÁLHOLTSKIRKJA: Messa kl. 14. Börn úr sumarbúðum syngja. Organisti Svavar Sigurðsson. Sóknarprestur.

HRUNAPRESTAKALL: Guðspjónusta í Tungufellskirkju kl. 14. Sóknarprestur.

Reykholt:

Samsýning borgfirskra myndlistarmanna

SÝNING á vegum menntamálaráðuneytisins og M-hátíðarnefndar í Borgarfirði verður opnuð í Reykholti sunnudaginn 1. júlí. Við opnunina leika Margrét Birgisdóttir og Marcque Járðin á þverflautur. Sýningin stendur til 6. ágúst og verður opin daglega kl. 13.00-18.00.

Í Borgarfirði búa og starfa margir myndlistarmenn sem oftast leita til höfuðstaðarins til að halda sýningar á afrakstri vinnu sinnar. M-hátíðarnefnd í Borgarfirði ákvað að snúa dæminu við og standa fyrir samsýningu í Reykholti. Ákveðið var að bjóða þeim myndlistarmönnum sem starfa í héraðinu að taka þátt í sýningunni, en einnig að kalla til leiks myndlistarmenn sem tengjast Borgarfirði á ýmsan annan hátt, s.s. þá sem eru fæddir þar og uppaldir en eru burtfluttir.

Þátttakendur eru alls 19 myndlistarmenn, en þeir eru: Ásgerður Búadóttir, Ásleug Jónsdóttir, Bjarni Þór Bjarnason, Elín Magnúsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Guttormur Jónsson,

Helena Guttormsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Hreinn Elíasson, Hrönn Eggertsdóttir, Jónína Guðnadóttir, Kristín María Ingimarsdóttir, Magnús Tómasson, Marlies Wechsner, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Páll Guðmundsson, Sigríður Ásgeirsdóttir, Svanborg Matthíasdóttir og Vignir Jóhannesson.

Í Reykholti er ágæt aðstaða til sýningarhalds. Þessi sögustaður Borgfirðinga og skólahúsið sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni, fyrrverandi húsameistara ríkisins, verður ramminn utan um sýninguna. Á staðnum er einnig rekið Edduhótel og veitingasala. Umsjónarmaður sýningarinnar er Pétur Önnundur Andrésson kennari í Reykholti.

TEQUILA

DANSBARINN GRENSÁSVEGI 7

er öðruvísi staður

Meiriháttar staður fyrir vakandi fólk

Skuggaleg stemning

Dansandi þjónar

Aðgangseyrir kr. 500,-



BORGIN

Laugardagur

Örvar Kristjánsson

og

Gunnar Tryggvason

sjá um fjörið
frá kl. 22.00.

Veitingastaðurinn

Hólmi,

Hólmaseli 4, sími 670650.



Frítt inn til kl. 24.00

Nú skemmtir þú þér frítt í Þórscfé!

Opið föstudags- og laugardagskvöld

Miðaverð eftir kl. 24.00 aðeins 500 kr.

Dansduettinn ásamt Önnu Vilhjálms

Haukur Burger í discótekinu

Þar sem fjörið er mest skemmtir fólkið sér best

VETRARBRAUTIN



Tveir glæsilegustu veislu- og ráðstefnusalir landsins opnir fyrir matargesti, stærri sem smærri hópa, í hádeginu og á kvöldin alla daga.

Fyrsta flokks þjónusta

Skála fell

HÓTEL ESJU

Ný, breytt, stærri
og betri

KASKÓ

í kvöld.